

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.****1. gr.**

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sé veiðiskip lengur í veiðiför en 24 klst., skal slægja allan fisk og þvo, strax og honum hefur blætt út.

Taki veiðiförin skemmri tíma, skal slægja allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 20. maí til 15. september, svo og allan fisk, sem veiddur er í nótt eða vörpu á hvaða árstíma sem er. Á tímabilinu 15. september til 20. maí er heimilt að koma með óslægðan fisk að landi, sé hann veiddur í önnur veiðarfæri en nótt eða vörpu og aflanum landað daglega.

Þessa skal vel gætt við þvott, að ekki sé skilið eftir í kviðarholi leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði.

Fisk skal slægja þannig, að ekki sé skorið fram úr lífodda.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Strax eftir slægingu og þvott skal allur fiskur ísaður nægilega með hreinum ís og lagður þannig, að kviðurhol snúi niður.

Sé um lengri veiðiför að ræða, skal skráð á eyðublað, hvar og hvenær fiskurinn er látinn í stíu og skal afhenda eyðublaðið eftirlitsmanni við löndun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga, nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Stjvarútvegsmálaráðuneytið, 9. desember 1964.

Emil Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING**um bólusetningu gegn garnaveiki.**

Landbúnaðarráðherra hefur samkv. 22. gr., sbr. 44. gr., laga nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfest ákvarðanir Sauðfjársjúkdómanefndar um bólusetningu gegn garnaveiki á lömbum í nyrðra Borgarfjarðarhólfi, þ. e. frá Skorradalsgirðingu upp að Hvítársíðugirðingu, að undanskildum bæjunum Kirkjufelli, Krossi og Oddsstöðum í Lundarreykjadal.

Ef einhverjir fjáreigendur á þessum svæðum vanrækja að láta bólusetja fé sitt, svo sem fyrir er mælt, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að hlutast til um, að bólusetning fari fram samkvæmt gildandi fyrirmælum.

Jafnframt skal tekið fram, að enn er í gildi tilkynning frá 6. janúar 1961, um bólusetningu gegn garnaveiki á eftirtöldum svæðum: